

Stækkun Búðanámu, Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 27. janúar 2025 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Vegagerðinni um stækkun Búðanámu, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlaða, sbr. lið 2.02 og 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Minjastofnunar Íslands, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Náttúrufræðistofnunar, Náttúruverndarstofnunar og Umhverfis- og orkustofnunar.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Stækkun Búðanámu, Matsskyldufyrirspurn. Vegagerðin-EFLA. 27. janúar 2025.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Minjastofnun Íslands dags. 26. febrúar 2025
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands dags. 27. febrúar 2025
- Náttúrufræðistofnun dags. 27. febrúar 2025
- Náttúruverndarstofnun dags. 9. mars 2025

Ekki barst umsögn frá Umhverfis- og orkustofnun og Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 17. mars 2025.

3 Fyrirhuguð framkvæmd

Forsaga málsins

Þann 28. ágúst 2009 tók Skipulagsstofnun ákvörðun um matskyldu vegna efnistöku vegna lagningar Árnesvegar milli Þjórsárdalsvegar og Landvegar. Samkvæmt þágildandi lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum var efnistaka vegna vegagerðarinnar háð ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu. Niðurstaða Skipulagsstofnunar var sú að framkvæmdin væri ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og væri því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Í matskyldufyrirspurninni var gert ráð fyrir efnistöku úr fimm námum, þar af úr nýju efnistökusvæði austan við fossinn Búða, Búðanámu.

Framkvæmdalýsing

Fyrirhuguð framkvæmd felst í stækkun á Búðanámu vegna fyrirhugaðra framkvæmda á Búðafossvegi. Vegurinn kemur til með að liggja á milli Þjórsárdalsvegar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Landvegar í Rangárþingi ytra og verður um 7,8 km langur. Vegurinn mun fara um land Réttarholts og Minna-hofs, um nýja brú yfir Þjórsá og þaðan um land Vindáss og Minni-Valla að Landvegi. Hyggst Vegagerðin opna nýja námu til efnistöku vegna vegaframkvæmdarinnar, Búðanámu, og náman í gildandi aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029. Nauðsynlegt



þykir að stækka námusvæðið þar sem grunnvatn standi hátt á svæðinu og því sé ekki hægt að vinna efni jafn djúpt og áætlað var í upphafi.



Mynd 1. Yfirlitskort af framkvæmdasvæði Búðafossvegur og Búðanámu, ásamt frárennslisskurði fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar (Mynd fengin úr viðauka 1 með tilkynningu Búðafossvegur).

4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Vegagerðarinnar og umsögnum umsagnaraðila.



Jarðmyndanir

Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að Búðanáma sé staðsett á Þjórsárhrauni sem rann fyrir um 8.600 árum. Flatarmál hraunsins sé um 970 km² og rúmmál þess 25 km³ sem geri það að víðáttumesta hrauni á Íslandi. Hraunið hafi gríðarlegt flatarmál og þeki stóran hluta Suðurlandsundirlendisins. Stór hluti af Þjórsárhrauni sé í dag horfið undir yngri gosmyndanir og/eða gróðurhulu. Hraunið sé að meðaltali um 26 m að þykkt.

Fram kemur í greinargerðinni að við efnistöku úr námunni verði jarðefni fjarlægt og flutt í burtu til notkunar í framkvæmdir. Áhrif efnistökkunnar séu því bein og varanleg þar sem ekki sé hægt að endurnýja jarðmyndanir. Námusvæðið sé ekki friðlýst eða á náttúruminjasrá en nútímahraun sé sérstaklega verndað af lögum um náttúruvernd og svæðið falli undir þá vernd. Erfitt sé að komast hjá því að raska Þjórsárhrauni þegar um sé að ræða framkvæmdir á Suðurlandi þar sem hraunið sé mjög umfangsmikið. Fyrirhuguð stækkun á námunni nái aðeins yfir brot af yfirborði hraunsins og nær engin breyting verði á heildar rúmmáli hraunsins og einungis verði rask á efsta lagi þess.

Í greinargerðinni segir að áætlað sé að þykkt efnisvinnslulagsins sé að meðaltali um 2 m, en það fari eftir grunnvatnsaðstæðum. Gert sé ráð fyrir að unnið verði frá suðurhluta efnistökusvæðisins til norðurs. Mögulegt sé að vinna karglagið niður fyrir grunnvatnsborð á svæðinu með því að nýta efni sem ýtt sé ofan af karglaginu til þess að fylla upp fyrir grunnvatnsborð í botninum. Frágangur verði þannig að botn efnistökusvæðisins verði mótaður að þeim jarðvegi sem falli til. Fláar verði mótaðir a.m.k. 1:3 og sáð verði rýrgresi í botninn. Þá komi til greina að halda svarðalaginu eftir og nýta það í yfirborðsfrágang efnistökusvæðisins.

Fram kemur að efni verði flutt jafnóðum úr námunni á notkunarstað. Þar verði gengið frá efninu með þjöppun og minni fokhætta verði af þeim sökum. Lítið pláss sé fyrir haugsetningu í námunni og því sé ekki gert ráð fyrir slíku nema þá í mjög litlu magni. Óhjákvæmilega verði eitthvað fok af yfirborðslagi sem verði rutt af efnistökusvæðinu á meðan efnistaka á sér stað og þá megi helst gera ráð fyrir foki til suðvesturs frá námunni. Við verkið verði notaðar stórvirkar vinnuvélar og tæki, þ.e. gröfur, jarðýtur og námubílar. Meðferð olíu og spilliefna á svæðinu verði í samræmi við lög um hollustuhætti og mengunarvarnir. Verði þörf á því að nota sprengiefni verði öll meðhöndlun og geymsla í samræmi við reglugerð um sprengiefni og forefni til sprengiefnagerðar.

Fram kemur að aðkoma að námunni verði í gegnum framkvæmdasvæði Búðafossvegjar sem fyrirhugaður sé rétt austan við námuna. Ákveðið hafi verið að hlífa hraunhrygg sem liggja vestan við efnistökusvæðið og ekki verði farið á svæði utan efnistökusvæðisins og aðkomu að því. Framkvæmdasvæðið verði girt af og aðkomuveginum verði lokað með hliði eða girðingu við Búðafossveg.

Það sé mat framkvæmdaraðila að áhrif á jarðmyndanir verði óveruleg.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að skv. náttúruverndarlögum beri að forðast rask á eldhraunum frá nútíma nema að brýna nauðsyn beri til og sé þar fyrst og fremst átt við almannahagsmuni. Náttúrufræðistofnun geti ekki fallist á þá framsetningu að rask á Þjórsárhrauni vegna efnistöku í Búðanámu sé lítið miðað við heildarflatarmál hraunsins, því að verndargildi óraskaðs hrauns innan og í nálægð framkvæmdasvæðisins sé mikið.

Það sama kemur fram í umsögn Náttúruverndarstofnunar en þar segir að það sé mat stofnunarinnar að nýta eigi þegar röskuð námusvæði í stað þess að hefja efnistöku á nýjum og öröskuðum stað í Þjórsárhrauninu. Ekki komi fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæti röskun á hrauninu. Því þurfi í samræmi við ákvæði náttúruverndarlaga að koma fram hvaða brýnu hagsmunir þetta séu sem réttlæti röskun á hrauninu. Náttúruverndarstofnun taki undir að framkvæmdin muni valda óafturkræfu raski á hrauni sem njóti sérstakrar verndar og hafi því neikvæð áhrif til töluverð neikvæð áhrif. Stofnunin telji réttast að endurskoða þörfina á námunni frá grunni með það að markmiði að forðast óþarfa rask á hrauninu.



Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að Búðanáma hafi verið á skipulagi síðan árið 2019 og með leyfi fyrir vinnslu 50.000 m³ á mjög litlum fleti. Breyting þessi feli í sér að stækka efnistökusvæðið í fleti og auka efnismagnið um 10.000 m³. Bent sé á að framkvæmdaraðili ætli sér að ná í það efni úr námunni sem fyrirbyggjandi heimildir leyfi. Búið sé að semja við landeigendur um stækkun efnistökusvæðisins.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur einnig fram að jökulgarðurinn Búðagarður hafi hátt vísinda- og fræðslugildi sem ummerki um stöðu ísaldarjökuls á Suðurlandi og hörfun hans í lok síðasta jökulskeiðs og í upphafi nútíma. Jökulgarðar á Suðurlandi hafi varðveist illa og því hafi garðurinn hátt verndargildi vegna fágætis í landshlutanum. Þar sem fyrirhuguð Búðanáma sé staðsett hafi Þjórsárhraunið runnið upp að Búðagarðinum og saman myndað jarðminjaheild um stóra atburði í jarðsögu landsins í lok síðasta jökulskeiðs og í upphafi nútíma sem hafi mikið verndargildi. Búðanáma muni hafa mikil neikvæð áhrif á þessar mikilvægu jarðminjar í því að raska jarðminjaheild og ásýnd þeirra.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að efnistökusvæðið sé í um 300-400 m fjarlægð frá Búðagarðinum og öðrum jökulminjum. Efnistaka muni þ.a.l. ekki afa nein áhrif á Búðaröðina né aðrar jökulminjar. Efnistökusvæðið sé í 250-350 m fjarlægð frá hraunjaðri Þjórsárhraunsins og muni því ekki hafa áhrif á þá jarðminjaheild. Efnistakan muni ólíklega hafa áhrif á ásýnd Búðagarðs vegna hraunhryggs sem liggja vestan við fyrirhugað efnistökusvæði sem nýtist sem náttúruleg mön.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að nokkrar opnar bergnámur séu í nálægð við Árnes t.d. Hjalmsóltnáma í Merkurhrauni og Sandártungu í Þjórsárdal en báðar þessar námur séu í um 20 km fjarlægð í beinni loftlínu frá Búðanámu. Efnisnámán í Sandártungu sé 4 ha að stærð og með leyfi fyrir 200.000 m³ efnistöku sem meðal annars átti að nýta í Búðafossveg. Þá séu tvær opnar bergnámur í Minnivallahrauni sunnan við Þjórsá sem séu í um 6 km fjarlægð frá Búðanámu. Fram komi í greinargerð að nálægð við efnisnámu skipti miklu máli, en þegar um sé að ræða svæði þar sem náttúruminjar séu metnar með hátt verndargildi þá sé rétt að endurskoða þær áætlanir og hlífa minjunum.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að Búðanáma sé einstaklega vel staðsett fyrir fyrirhugaða nýtingu efnis þar sem aksturslengd úr Búðanámu í Búðafossveg sé undir 1 km. Hjalmsóltnáma sé í um 27 km fjarlægð og Sandártungunáma í um 20 km akstursfjarlægð, hvoru tveggja í sömu jarðmyndun, Þjórsárhrauni. Aukin akstursvegalengd myndi hafa í för með sér aukin neikvæð áhrif á loftgæði, hljóðvist, kolefnisspor, umferðaröryggi og vegakerfið, enda um 20-30 sinnum meiri akstur. Staðsetning efnistökusvæðisins henti einnig vel þar sem akstur flutningabíla verði ávallt á lokuðu vinnusvæði og hafi því ekki áhrif á umferð eða umferðaröryggi.

Náist ekki stórgryti í rofvarnir af nægjanlegum gæðum úr Búðanámu geri framkvæmdaraðili ráð fyrir því að hægt verði að ná því efni úr Sandártungunámu, enda standist það efniskröfur í viðeigandi hluta vegaframkvæmdar. Ekki sé reiknað með að flytja fyllingarefni úr Sandártungunámu enda sé það grjótnáma. Efnistökusvæði austan við Þjórsá þ.e. Minnivallanáma muni ekki nýtast vestan Þjórsár fyrr en lokið sé við að byggja nýja brú yfir Þjórsá.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar segir einnig að gera þurfi betur grein fyrir því hvort vafi sé á að fyrirhuguð efnistaka í Búðanámu sé nóg fyrir framkvæmdina því lítið sé talað um efni úr frárennissliskurði Hvammsvirkjunar sem eigi að grípa til ef ekki verði nægt efni í Búðanámu. Gera megj ráð fyrir að með fyrirhuguðum virkjunarframkvæmdum opnast fyrir efnistökuastaði í hrauni innan í lónsstæði Hvammsvirkjunar sem mögulega gætu komið í staðinn fyrir Búðanámu.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að efnið úr Búðanámu verði nýtt í vegfyllingar vestan Þjórsár. Aksturslengd úr Búðanámu sé stutt þ.e. 1 km, en aksturslengd frá frárennissliskurðinum sé um 68 km. Akstursvegalengd verði um 14 km þegar ný brú yfir Þjórsá verði komin í gagnið. Reiknað sé með að fullnýta efnisheimildir Búðanámu og ganga frá námunni við verklok. Efni í fyllingar austan Þjórsár



auk styrktarlags og burðarlags Búðafossvegjar komi úr frárennisskurði Hvammsvirkjunar þar sem efni í Búðafossnámu standist ekki efniskröfur.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að ákvörðun um nýtt efnistökusvæði við Búðargarðinn hafi verið tekin 2009 í tengslum við ákvörðun um Búðafossveg og að náman gæti jafnvel nýst vegna framkvæmda við fyrirhugaða Holtavirkjun. Það sé mat stofnunarinnar að á þeim tíma hafi ekki verið nægilegt tillit tekið til verndargildis jarðminja eða umhverfisáhrifa framkvæmda á jarðminjar svæðisins. Efnistökusvæðið við Þjórsá sé óraskað í dag og Náttúrufræðistofnun telji þörf á að endurmeta svæðið miðað við núgildandi náttúruverndarlög. Á umliðnum árum hafi stofnunin hvatt sveitarfélög á Suðurlandi til að huga að vernd á óröskuðum hluta Þjórsárhrauns á meðan þess sé enn kostur. Náttúrufræðistofnun leggji til að horfið verði frá opnun Búðanámu vegna verndargildis og að efni fyrir Búðafossveg verði fengið úr öðrum opnum nálægum efnisnámu, að öðrum kosti sé það mat stofnunarinnar að stækkun Búðanámu eigi að fara í mat á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Náttúruverndarstofnunar kemur fram að óljóst sé hvort verndargildi hraunsins hafi verið metið og hvort aðrir valkostir á efnistökusvæðum utan hraunsvæða sem njóti verndar hafi verið skoðaðir. Stofnunin telji að fyrirhuguð stækkun námunar sé í andstöðu við markmið náttúruverndarlaga. Norðan við Búðir og sunnan við Árnes myndi hraunið samfellda hraunbreiðu sem sé um 7 km² að stærð. Einungis ein raflína liggir í gegnum hraunið en þess fyrir utan sé hraunbreiðan að nær öllu leyti óröskuð. Fyrir liggir að nýr Búðafossvegur muni skera hraunið og raska því mikið en stofnunin leggji á það ríka áherslu að hrauninu verði hlíft. Þá sé óljóst hvernig opna eigi námuna til að sækja þangað efni án þess að opna nýja vegi eða slóða sem ekki sé gerð grein fyrir í greinargerðinni.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að Búðanáma hafi verið á aðalskipulagi síðan árið 2019 og aðkomuvegur að efnistökusvæðinu einnig sýndur inni á skipulaginu og á mynd 1.3 í matsskyldufyrirspurninni. Um svæðið liggja háspennulína ásamt línuvegi, raflínu Rarik ásamt slóða, girðingar, aðrir slóðar og skógrækt. Hraunbreiðan sé lítillaga röskuð af þessum sökum.

Vistgerðir

Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að fyrirhugað efnistökusvæði sé óraskað í dag. Samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands segir að svæðið sé að mestu þakið mosamóavist en einnig víðikjarrvist. Mosamóavist hafi lágt verndargildi en víðikjarrvist mjög hátt verndargildi og sé á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnist verndar.

Fram kemur að ekki sé hægt að segja til með fullri vissu að vistgerðir liggja innan afmörkun námunnar þar sem upplausn gagnanna sé ekki nægilega há. Víðikjarrvist virðist ekki vera afgerandi á svæðinu sem beri þess frekari merki að vera hrjóstrugt frekar en gróskumikið. Framkvæmdaraðili hyggst reyna að halda efnisvinnslu innan svæðisins þar sem vistgerðir verði með lágt verndargildi og vernda víðikjarrvist fyrir raski eftir bestu getu ef vistgerðin sé til staðar inni á svæðinu.

Framkvæmdaraðili komi til með að haga frágangi á þann hátt að náman valdi ekki mikilli röskun á umhverfinu og falli vel að landinu að frágangi loknum. Efnistökusvæðið verði jafnað út á þann hátt að það viðhaldi nokkurn veginn náttúrulegum breytileika. Jaðrar verði fláaðir niður með 1:1, 1:2 eða 1:3 halla. Jarðvegur sem sé ofan á hrauninu verði nýttur til yfirbreiðslu að efnistöku lokinni og námubotn verði unninn þannig að hann verði sem líkastur aðliggjandi umhverfi. Frágangur námusvæðisins verði unnin í samráði við landeigendur.

Það sé mat framkvæmdaraðila að áhrif framkvæmdarinnar á vistgerðir verði óveruleg.

Fuglalíf

Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að allt Suðurlandsundirlendið frá sjó og upp að Gullfossi og Búrfellsvirkjun og frá Þorlákshöfn austur að Eyjafjöllum sé skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði,



alls 340.000 ha. Ekki sé talið að fyrirhuguð efnistaka hafi nokkur áhrif á skráningu Suðurlandsundirlendisins sem mikilvægt fuglasvæði.

Fram kemur að helstu fuglategundir á Suðurlandsundirlendinu séu Lómur, himbrimi, flórgoði, álf, heiðagæs, blesgæs, grágæs, toppönd og skúmur. Allt séu þetta vatnafuglar, gæsir og álfir sem nýti tún á fartíma í stórum hópum. Skúmurinn sé undantekning en hann sé sjófugl sem haldi sig við suðurströndina. Ekkert af þessu eigi beint við um fyrirhugað efnistökusvæði Búðanámu þar sem hvorki sé votlendi né tún, heldur þurrt mólendi með rýru fuglalífi. Efnistökusvæðið sé þó einungis 1 km frá tún- og akurlendi. Tegundir sem vænta megí á efnistökusvæðinu eða næsta nágrenni séu spói, heiðlóa, lóupræll, þúfutittlingur og hrossagaukur. Ekki sé talið líklegt að framkvæmdin muni hafa teljandi áhrif á þessar tegundir. Einstaklingar sem verði fyrir áhrifum séu fáir og mikið sé af sambærilegum búsvæðum allt í kring. Að efnistökunni lokinni verði svæðið grætt upp og sömu tegundir ættu að endurheimta búsvæði sín að þeim loknum.

Það sé mat framkvæmdaraðila að áhrif framkvæmdanna á fuglalíf verði óveruleg.

Landslag og ásýnd

Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að framkvæmdasvæðið flokkist sem landslagsgerðin gróíð undirlendi. Svæðinu sé lýst eftirfarandi í kortlagningu landslagsgerða; „*Uppsveitir Árnessýslu: Láglandi í um 50-200 m hæð yfir sjávarmáli. Land sé fremur flatt með stökum móbergshryggjum og hæðum. Yfirborð sé vel gróíð, aðallega ræktað land, votlendi og skóglendi. Stórar ár hlykkist eftir landinu, Hvítá og Þjórsá, og nokkur stærri vötn séu innan svæðis. Svæðið sé eitt mesta landbúnaðarsvæði landsins og hafi land víða verið framræst og afgirt. Byggð sé þétt í dreifbýli, bæði sveitabærir og sumarhúsabyggðir, auk smærri þéttbýlisstaða. Margir af vinsælustu ferðamannastöðum landsins séu innan svæðisins, t.d. Gullfoss og Geysir*“.

Fram kemur að frá Þjórsárdalsvegi annars vegar frá kafla vestan við gatnamót að Gnúpverjavegi og hins vegar skammt austar frá brú við Kálfá séu þær staðsetningar sem séu hvað næst fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði þar sem tré eða mannvirki skermi ekki ásýnd í átt að fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Landslagið sé nokkuð hæðótt og því ólíklegt að náman verði sýnileg frá Þjórsárdalsvegi sem sé í meira en 2 km fjarlægð frá fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

Fram kemur að næstu lögbýli við námuna séu Minna-Hof í 1,5 km fjarlægð til vesturs og Stóra-Hof sem sé í 2 km fjarlægð til norðvesturs. Náman sé staðsett í landi Minna-Hofs. Trjágróður sem sé umhverfis lögbýlin komi til með að skerma sýnileika til austurs í átt að námusvæðinu. Þar að auki verði hraungarði rétt austan við fyrirhugaða námu hlíft í þeim tilgangi að hann skermi af sýnileika í námuna að vestan. Sýnileiki frá lögbýlum verði að öllum líkindum lítill sem enginn.

Það sé mat framkvæmdaraðila að áhrif framkvæmdarinnar á landslag og ásýnd verði óveruleg.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að gera megí ráð fyrir að náman verði vel sýnileg úr suðri og hún verði í alfaraleið eftir að Búðafossvegur verði kominn. Búðanáma muni jafnvel hafa áhrif á fossasýn Búða. Náman muni raska varanlega ásýnd þeirrar jarðminjaheildar sem sé við Búðagarðinn sem hafi mikið verndargildi. Stofnunin meti áhrif efnistökkunnar á landslag og ásýnd talsverð til verulega neikvæð.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir að efnistökusvæðið verði mjög sýnilegt frá Búðafossvegi.

Bæði Náttúrufræðistofnun og Náttúruverndarstofnun bendi á að náman sé stutt frá fossinum Búða. Fossar njóti sérstakrar verndar náttúruverndarlaganna en samkvæmt 61. gr. laganna skuli forðast að raska fossum og nánasta umhverfi þeirra, að því leiti að sýn þeirra spillist ekki. Ekki sé ljóst út frá matsskyldufyrirspurn hvort að Búðanáma sé sýnileg í nágrenni fossins eða hvort hún hafi áhrif á fossasýn. Náttúruverndarstofnun bendi á að líklegt sé að náman og fossinn verði sýnileg samtímis



frá útsýnisstöðum þrátt fyrir að námunni sé valin staðsetning austan við hólaröð í hrauninu sem muni fela námuna að einhverju leyti.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að afar ólíklegt sé að efnistökusvæðið hafi áhrif á fossasýn. Hraunhryggur sem liggja vestan við efnistökusvæðið skyggi á sýnileika ofan í námuna. Fossinn sé um 5-10 m neðan við fyrirhugað efnistökusvæði og ekki í sjónlínu við það. Á framkvæmdatíma gætu vinnuvélar haft einhver áhrif á ásýnd, en heildar framkvæmdatíminn sé um 3 ár og áhrifin því tímabundin.

Fornminjar

Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að unnin hafi verið skráning á friðlýstum minjastöðum á Suðurlandi árið 2015. Skammt vestan við námusvæðið í landi Minna-Hofs sé Árneshóstið sem séu friðlýstar minjar og samansafn af rústum sem talda séu af þingbúðum Árneshósts. Þar sést móta fyrir hátt í 30 búðum, en talið sé að þær hafi verið fleiri og líklega hafi einhverjir orðið uppblæstri að bráð eða sléttast út vegna áfoks. Á Árneshósti sjálfri sé einnig að finna hringlaga rúst sem túlkuð var sem dómhringur árið 1893. Tryggt hafi verið að þessar minjar raskist ekki við fyrirhugaðar framkvæmdir. Engar fornminjar sé að finna innan fyrirhugaðs efnistökusvæðis.

Fram kemur að ef fornminjar finnast sem áður voru ókunnar skuli skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt sé. Minjastofnun Íslands skuli láta framkvæma vettvangskonun umsvifalaust svo skera megir um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni sé skylt að ákveða svo fljótt sem auðið sé hvort halda megir áfram með framkvæmdir og hvaða skilmálum skuli lúta. Óheimilt sé að halda áfram framkvæmdum nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Það sé mat framkvæmdaraðila að áhrif framkvæmdarinnar á fornminjar verði engin.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að stofnunin telji ekki þörf á frekara mati á umhverfisáhrifum Búðanámu m.t.t. fornleifa enda séu engar slíkar skráðar á námusvæðinu. Auk þess virðast sjónræn áhrif á minjar vera óveruleg þar sem náman líti út fyrir að vera í hvarfi frá hinu friðlýsta búsvæði Árneshósts. Þó sé lögð áhersla á að gengið verði vel frá námusvæðinu að framkvæmdum loknum enda sé líklegt að með tilkomu Búðafossvegar muni opnast nýir möguleikar fyrir aðkomu gesta að hinu friðlýsta búðasvæði og því mikilvægt að hugað verði að útliti svæðisins.

Umferð

Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að efni sem tekið verði úr námunni verði nýtt til vegagerðar á nýjum Búðafossvegi sem lagður verði skammt frá námusvæði. Akstur að og frá námunni verði á lokuðu vinnustæði og flutningsvegaleið með efni verði að meðaltali undir 1 km fyrir hverja ferð. Heildarvegaleið flutnings sé því afar takmarkaður og lítil sem engin áhrif á umferð á núverandi vegum. Að efnisvinnslu lokinni verði lokað fyrir akstur frá námu með girðingarhliði.

Gera megir ráð fyrir að mögulegt sé að flytja um 15-20 m³ af efni með hverri ferð úr námunni á framkvæmdasvæðið. Gera megir ráð fyrir því að heildarakstur sé að hámarki 3.000-4.000 km og að farnar verði allt að 15-20 ferðir á dag. Þær ferðir muni þó ekki hafa áhrif á almenna bílaumferð utan framkvæmdasvæðis námunnar eða Búðafossvegar.

Það sé mat framkvæmdaraðila að áhrif framkvæmdarinnar á umferð verði óveruleg.

5 Skipulag og leyfi

Fyrirhuguð framkvæmd er ekki í samræmi við Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029. Svæðið er skilgreint sem efnistökusvæði og landbúnaðarsvæði og náman skráð sem E13 hinsvegar er afmörkun hennar og magntölur ekki í samræmi við áform framkvæmdaraðila og því þarf að breyta aðalskipulaginu í samræmi við það. Lögð hefur verið fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi



Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 vegna fyrirhugaðrar stækkunar á Búðanámu og er það í vinnslu.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi frá sveitarfélaginu Skeiða- og Gnúpverjahreppi skv. skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi.

Starfsleyfi þarf frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands vegna framkvæmdarinnar skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnir. Einnig veitir embættið starfsleyfi fyrir starfsmannabúðum skv. reglugerð um hollustuhætti.

6 Niðurstaða

Um er að ræða stækkun á Búðanámu í Grímsnes- og Grafningshreppi. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 2.02 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, nýtingar náttúruauðlinda, mengunar og ónæðis sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, magns og getu náttúruauðlinda til endurnýjunar, verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd eða á grundvelli alþjóðlegra samninga sem Ísland er bundið af. Einnig ber að líta til álagspóls náttúrunnar, svo sem með tilliti til sérstæðra jarðmyndana og landslagsheilda sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi gerðar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, svo sem með tilliti til umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, væntanlegs upphafs, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Um er að ræða stækkun á Búðanámu frá því sem fjallað var um í matsskylduákvörðun Skipulagsstofnunar frá árinu 2009. Fyrirhugað er að stækka efnistökusvæðið úr allt að 1,5 ha í 4,5 ha og að auka efnistöku úr 48.000 m³ í 60.000 m³. Efnistaka úr námunni er ekki hafin og því er fyrirhugað efnistökusvæði enn óraskað. Möguleg umhverfisáhrif fyrirhugaðar efnistöku verða að skoðast með tilliti til þess að fyrri útfærsla efnistökunnar hefur áður hlotið málsmeðferð á grundvelli þágildandi laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Að mati Skipulagsstofnunar felast neikvæðustu áhrifin af framkvæmdinni í varanlegum óafturkræfum áhrifum á jarðmyndanir. Framkvæmdin mun raska hrauni sem nýtur sérstakrar verndar á grundvelli 61. gr. náttúruverndarlaga. Samkvæmt lögunum ber að forðast röskun hraunsins nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Lögð er áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir. Náttúrufræðistofnun og Náttúruverndarstofnun hafa bent á að hraunið hafi mikið vísinda- og fræðslugildi sem mikilvægt er að standa vörð um og hvetja framkvæmdaraðila, í umsögnum sínum, til að skoða aðra valkosti við öflun jarðefna fyrir lagningu Búðafossvegar.

Með vísan til umsagna Náttúrufræðistofnunar og Náttúruverndarstofnunar telur Skipulagsstofnun að fyrirhuguð stækkun á námu geti dregið frekar úr verndargildi hraunsins miðað við fyrri áform. Gera má ráð fyrir að áhrif námunnar á landslag verði meiri með stækkun hennar auk þess sem sýnileiki hennar er líklegur til að aukast. Engu að síður telur Skipulagsstofnun að náman verði lítt áberandi eftir að vinnu úr henni ljúki að þremur árum liðnum og náman frágengin.



Vistgerðir og tegundir fugla á svæðinu teljast algengar og útbreiddar hér á landi en verndargildi víðikjarrvistar er metið hátt og er vistgerðin á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Í ljósi takmarkaðs umfangs og útbreiðslu viðkomandi vistgerða og fuglalífs á svæðinu, telur Skipulagsstofnun áhrifin á fyrrnefnda umhverfisþætti verða óveruleg ef verktilhögun verður með þeim hætti sem boðað hefur verið.

Skipulagsstofnun telur að fyrirhuguð stækkun á Búðanámu komi ekki til með að hafa umtalsverð neikvæð áhrif á umhverfið. Stofnunin getur þó tekið undir með Náttúrufræðistofnun og Náttúruverndarstofnun um að æskilegt væri að finna aðrar leiðir til að afla efnis fyrir Búðafossveg.

Skipulagsstofnun telur brýnt að í framkvæmdaleyfi verði efnistakan áfangaskipt þannig að sem minnstur hluti efnistökusvæðisins verði opin hverju sinni. Auk þess að kveðið verði á um frágang þannig að ummerki verði í algjöru lágmarki og verndargildi svæðisins rýrni ekki umfram það sem lagt er upp með.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að þeir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir eðli, staðsetningu og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 3. maí 2025.

Reykjavík, 3. apríl 2025

Egill Þórarinnsson

Þórdís Stella Erlingsdóttir

